

Skrifstofa Alþingis - nefndarsvið
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Reykjavík 9.2.2021

Efni: Umsögn Sambands íslenskra framhaldsskólanema um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.

Samband íslenskra framhaldsskóla, SÍF, telur breytingu á aðgangsskilyrðum í háskólanám, svo nemendur þurfa að hafa lokið framhaldsskólaprófi á þriðja hæfnisprepi fyrir aðgöngu vera mjög þarfa, skýra og löngu tímabæra. Félagið fagnar því að verið sé að jafna aðgengi list-, tækni- og starfsnema að háskólanámi. Loksins munu nemendur þeirra brauta vera metnir að verðleikum sínum þar sem aðgangsskilyrðin að háskólanámi munu verða í samræmi við þá færni, hæfni og þekkingu sem þeir hafa. Umrætt frumvarp er einnig í takt við þá stefnu stjórnvalda að bæta stöðu nema á námssamningum til muna með nýrri reglugerð um vinnustaðanám og rafvæðingu ferilbókar á komandi árum.

SÍF leggur mikla áherslu á stuðning háskólanna við þessa breytingu með því að skilgreina vel aðgangsviðmið sín og halda framhaldsskólanemum upplýstum um þau. Þá er ljóst að án eftirfylgni og aukins fjármagns til háskólastigsins munu markmið frumvarpsins ekki nást.

Þrátt fyrir að tillagan sé stórt framfaraskref í menntamálum ítrekar SÍF að frumvarpinu ætti jafnframt að fylgja að nemendur útskrifaðir á starfsbrautum uppfylli einnig aðgangsskilyrði um inngöngu í háskólanám. Að framhaldsskóla loknum hafa öll þessi ungmenni einn valmöguleika um áframhaldandi nám á háskólastigi á Íslandi, starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands. Þar sem mörgum fötluðum ungmönnum býðst ekki annað nám en á starfsbrautum í framhaldsskólum er verið að útskúfa fötluðu fólk frá háskólamenntun. Sú útskúfun er hvorki í takt við fjórða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna né samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem stefnt er að því að tryggja öllum jafnan aðgang að námi á öllum stigum, þar á meðal fötluðu fólk. Skorar Samband íslenskra framhaldsskólanema á stjórnvöld til að stíga skrefið til fulls í fyrirhugaðri breytingu á lögum um háskóla og gefa öllum kost á framhaldsmenntun.